


# LÖGMANNA BLAÐIÐ



5. árg.

Desember

5 / 1999

Lögmannafélagið er ein heild

Af Merði lögmanni

Samræming lögmannsmenntunar innan Evrópu

Morgunverðarfundur um handhöfn

málflutningsréttinda.

Af Jónum eða séra Jónum.

Reglugerð um öflun málflutningsréttinda

fyrir héraðsdómi.

Groa@leiti.is

Útgefandi:  
Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:  
Björn L. Bergsson

Ritnefnd:  
Árni Vilhjálmsson, hrl.  
Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl.



*Kveðja frá  
ritstjóra*

—  
*Bls. 7*

*Knattspyrnu-  
mót*

—  
*Bls. 22*

*Marteinn Másson  
Við starfslok*

—  
*Bls. 20*

# Kíktu á heimsíðu Lögmannafélagsins slóðin er:

**[www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)**

## Samræming lögmannsmenntunar innan Evrópu

**C**BE eru samtök lögmannafélaga í Evrópu og tekur Lögmannafélag Íslands þátt í því samstarfi sem fram fer á vegum samtakanna. Samtökin hafa á liðnum árum haft áhrif á ákvarðanatöku í ýmsum málum er stéttina varða á vettvangi ESB. Á síðasta ári var þeim áfanga loks náð, eftir 15 ára aðdraganda, að í Evrópusambandinu var samþykkt svokölluð staðfesturéttartilskipun. Miðar tilskipunin að því að auðvelda mönnum sem lögmannsréttindi hafa fengið í einu ESB eða EES ríki, að stunda lögmannsstörf í öðru ríki innan svæðisins. Í síðasta hefti Lögmannablaðsins var gerð grein fyrir stöðu þeirra mála.

CCBE hóf þegar á síðasta ári að einbeita sér að næsta stigi þessa máls, þ.e. að skoða hvernig hátt að væri undirbúningi fyrir lögmannsstörf í aðildarríkjum ESB og EES, með það að markmiði að samræma lögmannsmenntunina í Evrópu. Með því frelsi sem skapast hefur telja samtökin að tryggja þurfi ákveðna lágmarksmentun lögmannna í Evrópu. Fyrsta stigið sé að ná samstöðu um þetta og síðan

beri að líta til frekari samræmingar. Telja samtökin nauðsynlegt að hver og einn lögmaður hafi fengið menntun er geri honum kleift að skilja „hina evrópsku vídd“ lögmannsstarfsins, meðal annars með innsýn í beitingu reglna Evrópuréttarins, grundvallarþekkingu á lagakerfum Evrópulanda og leikni í að nota nútímatækni til upplýsingaöflunar og samskipta.

Til umfjöllunar eru nú í samtökunum drög að lágmarksreglum þó enn sé verið að safna saman upplýsingum frá aðildarfélögunum. Ljóst er, af þeim drögum sem nú liggja fyrir og þeim gögnum sem þau byggja á, að verði þessi drög síðar að reglum ESB og EES munu þær reglur sem við búum við hér á landi í dag um öflun héraðsdómslögmannsréttinda ekki standast þær kröfur sem regludrögin gera ráð fyrir, hvorki um tímalengd, þjálfun né fjölda kennslustunda.

Vert er þó að leggja áherslu á að þessi drög eru enn einungis á umræðustigi og því á engan hátt endanleg.

# Lögmannafélagið er ein heild

Á Íslandi eru allmörg félög lögfræðinga. Þau eru allt frá því að vera hrein stéttarfélag, eins og Stéttarfélag lögfræðinga í ríkisþjónustu yfir í að vera fræða- og skemmtifélag eins og Lögfræðingafélag Íslands, en langflestir lögfræðingar eru þar félagsmenn. Til eru staðbundin félög, í Norð-austur amtinu og Hafnarfirði, og sífellt bættist við. Nú síðast var stofnað félag ungra lögfræðinga, sem hefur meðal annars að markmiði að hafa áhrif á hvernig reglugerð um öflun mállutningsréttinda fyrir héraðsdómi yrði úr garði gerð.

Lögmannafélag Íslands er elzt félag lögfræðinga hérlendis og það eina, sem telst til féлага þeirra sem ástunda það sem á erlendum málum er kallað „profession liberale“, sem tekur til lækna, lögmannna,



**Jakob R. Möller,  
hrl., formaður  
L.M.F.Í.**

-----  
*Lögfræðimenntunin ein  
býr ekki sjálfkrafa til fé-  
lagslega samstöðu með  
öllum ...*  
-----

arkitekta, verkfræðinga, ef til vill endurskoðenda og fleiri greina (á íslenzku er stundum notað hið vandræðalega heiti „háskólamenntaðir sérfræðingar sem starfa sjálfstætt að sérgrein sinni“). Lögmannafélagið er félag þeirra sem vinna lögmannsstörf, einkum sem sjálfstæðir og óháðir lögmennt. Þetta þýðir meðal annars, að félagsmenn Lögmannafélagsins eiga ekki endilega sameið með öðrum lögfræðingum í félagsstörfum sínum. Lögfræðimenntunin ein býr ekki sjálfkrafa til félagslega samstöðu með öllum, sem hennar hafa notið, þótt hún kunni að leiða til þess að áhugamál allra lögfræðinga séu að einhverju leiti tengd hinni víðfeðmu fræðigrein, lögfræðinni. Í félagsstarfi sem lögmennt eiga félagar í Lögmannafélagi Íslands ekkert endilega meira sameiginlegt með embættismanni í stjórnarráðinu, sem er lögfræðingur en öðrum, sem er t.d. hag- eða verkfræðingur.

Lögmannafélag Íslands er ekki einungis elzta félag lögfræðinga hér á landi, það er einnig hið eina sem er lögbundið. Það starfar samkvæmt lögum um lögmennt, sem

Alþingi hefur sett og eru nú nr. 77/1998, og er öllum lögmonnum skylt að vera þar félagsmenn. Í lögumunum eru félaginu falin ákveðin verkefni, sem sum hver gera félagið að stjórnvaldi, einkum í lögbundnu eftirliti með félagsmonnum í störfum þeirra. Í lögumunum er félaginu veitt sérstök heimild til þess að leggja árgjald á félagsmennt til þess að standa straum af kostnaði við hið lögbundna hlutverk. Félaginu er einnig heimilt að starfrækja sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, sem lögmennt ráða hvort þeir taka þátt í, en fjárhagur slíkrar deildar er aðskilinn frá hinu lögbundna starfi. Þessi skipting félagsins, sem var óhjákvæmileg, veldur félaginu sérstökum vanda. Væri ekki öflugt félagsstarf í Lögmannafélaginu, en það fer fram á vegum félagsdeildar, yrði félagið tiltölulega fljótlega að þurru eftirlitsvaldi. Við það eftirlitsvald hefðu lögmennt þau tengsl ein, að félagið fylgdist með því að þeir færu að lögum og siðareglum félagsins. Samskipti félagsmanna og félagsyrðu smátt og smátt svipuð því sem er á milli fyrirtækja í samkeppnisrekstri og Samkeppnisstofnunar. Félagsleg tengsl myndu rofna og félagið smámsaman þurkast upp og missa lifandi tengsl við félagsmennt og það sem mikilvægara er, félagsmenntirnir misstu tengsl innbyrðis. Félagsdeild Lögmannafélags Íslands er lögmonnum og félaginu lífsnaudsýn, án hennar yrði ekkert félag, bara eftirlitsvald með álagningarheimild árgjalda.

-----  
*yrði fljótlega að þurru  
eftirlitsvaldi.*  
-----

Í þessu ljósi þurfa lögmennt að meta hugmyndir forystumanna

## Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
sími (telephone): 568-5620  
bréfsími (telefax): 568-7057  
tölvupóstur (E-mail): lmf@tv.is  
heimasíða: www.lmfi.is

### **Stjórn L.M.F.Í.**

Jakob R. Möller, hrl.,  
formaður  
Ásgeir Thoroddsen, hrl.  
varaformaður  
Gunnar Jónsson, hrl.,  
gjaldkeri  
Sif Konráðsdóttir, hdl.,  
meðstjórnandi  
Valborg P. Snævarr, hdl.,  
ritari

### **Starfsfólk L.M.F.Í.**

Ingimar Ingasson,  
frankvæmdastjóri  
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmonnum.  
Ársáskrift fyrir utanfélagsmennt:  
kr. 1.500 + vsk.  
Verð pr. tölblað kr. 300 + vsk.

### **Prentun:**

Ísafoldarprentsmiðja

### **Umjón auglýsinga:**

Öflun ehf., sími 561-4440

Lögfræðingafélags Íslands um að innlima félagsdeild Lögmannafélagsins í fræða- og skemmtifélagið. Þessi afstaða þýðir að sjálfsgöðu ekki, að vanrækt verði að efla samstarf í fræðslu og fræðamálum á milli Lögmannafélagsins annars vegar og ýmissa félaga lögfræðinga hins vegar. Slíkt starf hefur enda verið allviðamikilið á undanförunum árum og fer vaxandi. Þetta samstarf hefur einkum verið við Dómarafélag Íslands og Lögfræðingafélagið. Samstarfið við Dómarafélagið er í tiltölulega föstum skorðum og algjörlega án áreitiss félaga á milli. Samstarfið við Lögfræðingafélagið hefur verið í mótnun, meðal annars á sviði símenntunar í samstarfi við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Enginn vafi er á því, að bæði félögin geta lagt meiri áherzlu á þetta samstarf. Sumir þættir fræðslustarfsins munu höfða meira til eins hóps lögfræðinga en annarra og ljóst, að Lögmannafélagið mun standa fyrir fræðslustarfi sem höfðar fyrst og fremst til lögmanna.

Af því sem að framan er ritað, er ljóst að sá sem þetta skrifar er algjörlega andvígur hugmyndum fyrrverandi og núverandi formanns Lögfræðingafélagsins um að innlima félagsdeild Lögmannafélagsins í Lögfræðingafélagið. Forystumönnum Dómarafélags Íslands og Sýslumannafélags Íslands verður látið eftir að fást við útpenslustefnu

una, eins og hún beinist að þeim félögum.

— — — — —  
*án hennar yrði  
ekkert félag,  
bara eftirlitsvald*  
— — — — —

Fyrir röskum fjörutú árum voru stofnuð heildarsamtök allra, eða flestra, þeirra sem lokið höfðu háskólaprófi, Bandalag háskólanna. Bandalagið átti að sameina alla háskólamenn í fræðslu- og félagsstarfi. Starf bandalagsins var all-öflugt fyrstu áratuginna, en í ljós kom að félagsmenn töldu hagsmunum sínum betur borgið innan eigin félaga en í slíku regnhlífarsamstarfi. Vandséð er, að regnhlífarsamtök fyrir alla þá sem lokið hafa lagaprófi hafi raunverulegum þörfum að sinna, öðrum en þeim að finna nýjan gjaldstofn árgjalda, sem lögfræðingar yrðu að greiða.

**Bókasafn  
Lögmannafélagsins**

Lögmannafélagið kom á fót öfluggu bókasafni fyrir félagsmenn og reyndar aðra, sem þurfa á slíku nútíma safni að halda í störfum sínum. Bókasafnið var rekið fyrir framlag úr félagssjóði, en eftir að nýju lögmannaögin tóku gildi og samþykktum félagsins var breytt, var hlutverki Námssjóðs snúið í

það horf að vera fyrst og fremst til þess að standa straum af kostnaði við safnið. Það fé er ekki nægilegt til þess að safnið verði rekið í samræmi við kröfur, sem félagsmenn eiga að gera til þess. Því miður hefur það verið svo á síðustu árum, að fréttir af bókakosti hafa ekki borizt félagsmönnum reglulega og skipulega, bókaskrár hafa ekki verið gefnar út nægilega oft og félagsmenn ekki fengið fréttir af nýjum bókum. Á þessu er nú verið að ráða bót. Ný bókaskrá er í útgáfu og þess verður freistað að birta fréttir af nýjum bókum á heimasíðu félagsins. Vonandi verður unnt innan skamms að birta bókaskrána sjálfa á heimasíðunni.

Stjórn Námssjóðs hefur nýlega kynnt félagsstjórninni fjárhagsáætlun bókasafnsins fyrir síðasta ár aldarinnar, árið 2000. Sú áætlun er mjög hófleg, en þó ljóst að fjármunir Námssjóðs munu ekki hrökkva til þess að greiða þann lágmarkskostnað, sem safnið krefst. Nú eru í athugun aðrar leiðir til þess að standa straum af óhjákvæmilegum kostnaði safnsins. Félagsmenn geta búizt við, að tillögur komi fram um að ákveðið gjald verði lagt á til þess að efla fjárhag safnsins. Metnaður félagsins hlýtur að standa til þess að efla enn bókasafnið til þess að það standi undir þeim kröfum, sem félagsmenn eiga að gera til þess.

**Stimplar**

**Stimplaðu þig inn í nýja öld**

**Munið að panta tímanlega stimpla**

**sem skipta þarf út vegna aldamótana**



**pmt**  
last miðar & tækni ehf.

Krókhálsi 1 - 110 Reykjavík - PO.Box 1011 - Sími 567-8888 - Fax 567 8889 - www.pmt.is



# HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar:

1920-1924	500.-	1972	500.-	1942	500.-	1986	1.800.-	tvö bindi
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	1943	500.-	1987	2.400.-	tvö bindi
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	1944	500.-	1988	3.000.-	tvö bindi
1930	550.-	1975	500.-	1945	500.-	1989	3.600.-	tvö bindi
1931-1932	500.-	1976	500.-	1946 ljþ	800.-	1990	4.500.-	tvö bindi
1933	500.-	1977	500.-	1966	500.-	1991	5.000.-	tvö bindi
1934	500.-	1978	500.-	1967	500.-	1992	6.000.-	þrjú bindi
1935	500.-	1979	500.-	1968	500.-	1993	6.600.-	þrjú bindi
1936	500.-	1980	700.-	1969	500.-	1994	8.800.-	fjögur bindi
1937	500.-	1981	800.-	1970	500.-	1995	8.800.-	fjögur bindi
1938	500.-	1982	900.-	1971	500.-	1996	11.000.-	fimm bindi
1939	500.-	1983	1.000.-			1997	8.800.-	fjögur bindi
1940	500.-	1984	1.200.-	50% afsláttur til laganema		1998	11.000.-	Fimm bindi
1941	500.-	1985	1.400.-					

# Af Merði lögmanni

Mörður hefur jafnan verið áhugasamur um málþing löglærðra. Árum saman hefur hann sótt Þingvallafund síns góða félags í byrjun júnímánaðar og notið þess að upphefja sinn juridiska þankagang í vorþeynum frá Bláskógaheiði. Mörður fór þó um síðir að hafa af því áhyggjur að nokkuð skorti á hugmyndaflug þeirra ágætu manna og kvenna sem skipulegðu málþing þessi. Þannig breyttist umræðuefnið lítið frá ári til árs og snérist jafnan um sjálfstæði dómstóla og eitthvað afar háfleygt tengt því. Þegar svo Mörður uppgötvaði það eitt árið að umræðuefnið var það sama og tveim árum áður og frummælendur þeir sömu og árið þar á undan, bara í öfugri röð, gafst hann upp á því að vera gáfulegur og hvarf bakviðs, ásamt Engeyingum. Síðan hefur Mörður ekki lagt á Mosfellsheiðina.

Á dögnum barst Merði hins vegar fundarboð frá því gagnmerka „instituti“ sem nefnt er Lögfræðingafélagið, hvers aðild er ekki bundin Pajeroeign. Umræðuefnið var kynnt vera samkeppnisréttur. Nafnið eitt fékk Mörd til að sundla, en svo mikið vissi hann þó að fyrirbærið væri talið fundið upp í guðs eigin landi. Það hafði hins vegar aldrei verið nefnt á nafn á uppvaxtarárum Marðar í Hlíðunum þegar vísitölubrauðin voru hinn stóri sannleikur.

Á boðuðum degi og tíma mætti Mörður í höll lambins vestur á Melum og renndi augum um þéttskipaða sali. Enn jókst minnimáttarkennd Marðar, enda ljóst að jafnaldrar hans og þaðan af eldri lögfræðingar voru fullnuma í Samkeppnisrétti. 95% viðstaddra reyndust vera nýlega útskrifaðir kjúklingar með skrifblokkir á hnjónum, enn þjáðir af skrifkrampa lagadeildar. Ekki sást einu sinni til formanns Lögmannafélagsins, sem jafnan sækir samkomur þessarar gerðar. Sú frétt spurðist þó fljótlega út að hann væri í mótmælastöðu við kínverska sendiráðið, sem er þarna í nágrenninu.

Skipun til borðs á málþingum lögfræðinga líkist mest burtreiðum. Menn forðast það sem heitan eldinn að sitja uppi með einhverja minni spámenn sem sessunauta, enda fá þeir þá umsvifalaust á sig lúðastimpil og verða aðhlátursefni gáfumannafélaganna. Eftir nokkurn barning og átök tókst Merði að troða sér á borð nokkurra ungra stjórnarráðskvenna, sem hann taldi tryggt í þessu sambandi.

Háborð dagsins reyndist svo vera fagurlega skipað körlum, en þó sérstaklega konum. Upphófust nú fyrirlestrar og nýr heimur laukst upp sem aldrei hafði verið svo mikið sem nefndur á nafn á völlum um við Öxará. Þá kom Merði ekki minna á óvart

ýmis nýbreytni í fyrirlestrahaldinu. Einn frummælendanna dreifði fyrirlestri sínum í prentuðu formi og las svo orðrétt upp með nokkrum leikrænum tilbúðum. Á miðri blaðsíðu þrjú brá hann hins vegar augnablik frá hinum skrifaða texta og eftir það náði Mörður ekki þræði á ný. Annar fyrirlesari reyndist vera brynjaður tækninyjungum og skaut vísdomi sínum á myndrænu formi á tjald. Ein stjórnarráðsstúlkanna fræddi Mörd á því að apparatíð hétu myndvarpi og hefði um nokkra hríð verið nýtt til kennslu og fyrirlestrarhalds í öðrum greinum en lögfræði. Loks kom valkyrja ein í púltið, ættuðu úr ranni þeirrar ógnvænlegu stofnunar samkeppnis mála. Flutti hún reiðilestur mikinn og krafðist þess að samkeppnisfyrirvöldum yrðu tafarlaust fengnar heimildir til þess, án dómsúrskurðar, að setja óhlýðna forystu íslensks viðskiptalífs bak við lás og slá til tyftunar, uns hún meðgengi af litillæti og högværð boðskap Samkeppnisstofnunar. Gneistaði svo af spúsunni, að undir ræðu hennar sást undir iljar nokkurra löglærðra, sem glapst höfðu í þjónustu illvirkjanna. Allir voru frummælendurnir svo sammála um að samkeppnisréttur væri slíkt réttarsvið að lögfræðingar almennt kynnu ekki einu sinni Gagn og Gaman þeirra fræða.

Mörður var sem bergnuminn. Aldrei hafði slíkum tungum verið talað á Þingvöllum, a.m.k ekki síðan Ljósveitningagoðinn kallaði í bergið forðum. En Adam var ekki lengi í Paradís. Reis nú ekki upp ungmenni eitt og kvað þetta allt orðum aukði. Sjálft væri það Amerikumennað og allur sá samkeppnisréttur sem ríki Evrópu og vesæl samtök þeirra hefðu reynt að tileinka sér væri þaðan ættaður. Taldi ungmennið frummælendur haldna af slæmum ranghugmyndum og klykkti loks út með því að réttarsviðið mætti nema til fullnustu með tveggja tíma vist á Internetinu. - Varð nú uppi fótur og fit við háborðið og kepptust frummælendur hver sem betur gat við að sveia og hæða ungmennið frakka fyrir flónsku og unggæðingsskap. Tók og samkoman nokkuð að leysast upp, náðu gáfumannasamkundur víðs vegar um salinn ekki upp í nef sér yfir þessu ósvífna stillbroti, meðan aðrir málþingsgestir tóku að draga sig í áttina að þjónustu staðarins sem var nú klyfjuð hefðbundnum veisluföngum.

Aldrei vissi Mörður síðar hvenær eða hvurnig hann komst völtum fótum út úr völundarhúsi þessu og hélt stefnulaust út í náttmyrkrið. En þrátt fyrir allt læddist þánki um óskýran huga: Skyldi snjóá létta snemma á Mosfellsheiði að vori?

# Kveðja ritstjóra

Fyrir rétt tæpu ári síðan var eftir því leitað við mig að ég tæki að mér ritstjórn Lögmannablaðsins. Þar sem ég var í útgáfunefnd, sem starfaði fyrir nokkrum árum og gerði það að til lögu sinni að hafin yrði útgáfa félagsblaðs Lögmannafélagsins og hef síðan jafnframt verið í ritnefnd Lögmannablaðsins um nokkurra ára skeið, rann mér blóðið til skyldunnar og handsalaði því við formann félagsins ráðningu til eins árs. Þeim tímabundna ráðningarsamningi er nú að ljúka. Hefðbundið er á slíkum stundum að staldra við og hyggja að hvívetna.

Það er skoðun mín, eins og kannski má ráða af því að ég tók ritstjórnina að mér, að Lögmannafélaginu sé brýn nauðsyn á að gefa út félagsblað. Blað sem er öflugur miðill félagsmanna. Bæði fyrir stjórnina til að koma upplýsingum og viðhorfum sínum á framfæri við félagsmenn og fyrir félagsmennina til að koma skoðunum sínum á framfæri, við stjórnina og kollegana. Að auki sem útgáfa blaðs sem þessa getur verið og á að vera mikilvægur hlekkur í ímyndarskópun félagsins gagnvart almenningi.

Viðtekið er í greinarstúfum sem þessum, þar sem fráfarandi kveður, að slá því fram að annarra sé að dæma um hvernig til hafi tekist. Auðvitað er dómsvald þetta nú sem endranær í annarra höndum, lesendanna. Sjálfshól er mér þó lagið og ætla ég að nokkru hafi verið áorkað á árinu til heilla fyrir Lögmannablaðið. Það er mín skoðun og leyfi mér því að segja það. Þannig hefur til að mynda að mestu tekist að halda útgáfuáætlun blaðsins, það er að gefa út 5 tölu-blöð í þeim mánuðum sem tilkynnt var um fyrirfram. Þetta stóðst ekki í einu tilviki þó, svo nokkru munaði, sem var í sumar en ekki hirði ég um að rekja sögu þess hér. Þá hefur efni blaðsins vakið viðbrögð

lesenda svo þeir hafa séð sig knúna í nokkrum tilvikum til að senda greinarstúfa í blaðið til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Það merkir að einhver les blaðið.

Það hefur að sumu leyti hamlað við ritstjórn mína að vera ekki inn-ambúðar á skrifstofu Lögmannafélagsins eða í stjórn félagsins. Hefur efnisöflun frá félaginu sjálfu þannig verið fyrirhafnarsamari en ella hefði verið. Hitt er hins vegar að þessi „fjarlægð“ hefur líka haft kosti í för með sér. Þannig hefur verið hægt að tæpa á sjónarmiðum og málefnum sem eru ekki endilega stjórn félagsins að skapi. Meira frelsi hefur þannig verið til að koma ólíkum sjónarmiðum á framfæri án þess að lesendur telji sjálfkrafa að um afstöðu stjórnarinnar sé að ræða. Þannig tel ég að þó svo að verið sé að efla starfsemi félagsins með ráðningu sérstaks starfsmanns til Félagsdeildar félagsins kunni að vera farsælt fyrir félagið og Lögmannablaðið að áfram verði hafður utanhússmaður í stóli ritstjóra. Leyfi ég mér þannig að nota þetta tækifæri til að skora á stjórnina að huga vel að þeim möguleika.

-----  
„Brotið“ var framið af  
ásetningi.  
-----

Auk fyrrgreindra viðbragða, hef ég einnig fengið nokkur viðbrögð munnlega, bæði hól og gagnrýni.

Svo gagnrýninni sé gerð skil þá hefur verið yfir því kvartað að efni blaðsins hafi á köflum ekki verið nægjanlega bitastætt. Við því er fátt að gera nema gera betur, að auki sem Lögmannablaðið er að sjálf-sögðu upp á náð tíðarandans komið í þessum efnun; hvað efst er á baugi og svo náð þeirra sem skrifa hverju sinni í blaðið.

Líka hefur borið við að gagnrýnt hafi verið að á stundum hafi efnis-tök verið léttúðug, óvarleg og ónákvæm. Þessi gagnrýni er réttmæt og sönn. Að þessari játningu gerðri skal hlutur minn enn gerður verri: „Brotið“ var framið af ásetningi. Án þess að það leysi undan ábyrgð, nú frekar en endranær, langar mig að greina frá ástæðum þessa verknaðar.

Lögmenn, vinna þjóðfélagslega mikilvæg störf, frá því hefur verið greint í ótal ritum og ræðum. Lögmenn eru einna þarfastir þjónar réttarríkisins, efla rétt og hrinda órétti, sbr. 1. ml. 1. gr. Codex ethicus Lögmannafélagsins. Það hvarflar síst að mér að gera lítið úr þeim störfum né hafa þau í flimtingum, að háði eða spói. Hitt er hins vegar, að þó störfín séu merkileg og viðfangsefni oft mjög mikilvæg, annað hvort fyrir þjóðfélagið í heild eða fyrir einstaklinga, nema hvoru tveggja sé, þá mega lögmenn, alveg eins og aðrar langskólamenntaðar starfsstéttir varast að taka sjálfa sig of hátiðlega. Við eigum að taka af fyllstu alvöru á viðfangsefnum okkar. Við eigum líka að taka öll þau lög og síðareglur mjög hátiðlega, sem okkur, fremur flestum starfsstéttum, ber að halda í heiðri. Ef menn hins vegar rugla því saman við eigin persónu og mikilvægi hennar getur farið verr. Hætt er við að þá fari menn að gæta eigin virðingar og mikilvægis á kostnað skjólstæðinganna og jafnvel réttarins. Að ekki sé minnst á það hvaða áhrif slík forgangsröðun getur haft á viðhorf almennings sem leita þarf ásjár hjá lögmönnum er á bjátar. Sem sagt ástæða glæpsins: Tökum viðfangsefni okkar hátiðlega, tökum okkur sjálf mátulega hátiðlega.

*Takk fyrir mig að sinni.  
Björn L. Bergsson, ritstjóri*



# ILplús 2000 komið út



## Meðal nýjunga í tæknimálum:

- ILplús 2000 er Windows 95/98/NT samhæft
- Hægt að keyra á opnum gagnagrunni s.s. Oracle, MS SQL o.fl. því verður hægt að samnýta upplýsingar úr ILplús með öðrum kerfum og/eða smíða sérlausnir fyrir lögmannastofur.

## Meðal nýjunga í notendaviðmóti:

- Hægt verður að kalla fram stefnu í ritvinnsluham
- Búið er að einfalda aðgerðaferlið í ILplús 2000
- Magnvinnsla tekin í gegn – fjölgar möguleikum á söfnun krafna
- Athugasemdakaflanum breytt svo hægt sé að skrá fleiri athugasemdir
- Athugasemdir á kröfuhafa
- Ný bréf:
  1. Staðfesting um uppgjör skuldara vegna Lánstrausts hf.
  2. Afturköllun fjárnámsbeiðni
  3. Frestun á nauðungarsölu
  4. Frestun á aðfararbeiðni
- Og margt fleira



Tölvu- og rekstrarráðgjöf  
Höfðabakka 9  
112 Reykjavík

## Jólafundur

**H**aldinn verður jólafundur sem og undanfarin jól. Þar verður snæddur hádegisverður enda fundurinn haldinn í hádeginu í samræmi við hefðir liðinna ára en eins og þjóð veit er allir atburðir og háttsemi sem hefur forskeytið jól í nafni sínu mjög niðurnjörfaðir í hefðirnar.

Jólafundur þessa árs verður haldinn í Víkingasal Hótelis Loftleiða, fimmtudaginn 9. desember, kl. 12:00 - Einar Benediktsson, sendiherra mun ávarpa misbelgmikla lögspekinga Um hvað verður jólafundurinn? Jólin að líkindum, en matur kemur þar víst eitthvað við sögu. Auk þess sem heiðursgestur fundarins mun hafa frjálsar hendur um val á málefni til umfjöllunar. Kannski verður upplestur úr ritverkum Einars Ben.

## Dönsk námskeið

**Ó**hætt er að segja að við erum hvergi nærri hálfdrættingar á við Dani í námskeiðahaldi enda tæpast von þar sem félagsmenn þar eru margfalt fleiri. Við stöndum okkur vafalaust bærilega miðað við hagstæðustu mælistiku, höfðatöluna góðu.

Nýverið gaf félagsdeild danska lögmannafélagsins, Advokaternes Serviceselskap A/S, út bækling um námskeið sem haldin verða á fyrri hluta næsta árs. Bæklingurinn er 95 blaðsíðna langur og þar er fjallað um ríflega 80 námskeið. Rakin eru helstu umfjöllunarefni hvers af þessum námskeiðum fyrir sig og greint frá því hvenær þau verða haldin og hvar. Íslenskum lögmönnum mun vera guðvelkomið að taka þátt í þessum námskeiðum en þeir sem hefðu áhuga á því er hentast að fá bæklingin sendan frá Dönumum en heimilisfang félagsins er Kronprinsessegade 28, 1306 København og tölvupóstfangið [service@advocom.dk](mailto:service@advocom.dk).



# Hanastél

Mest af tilefnislausu, eða til að fagna væntanlegri opnun Lögmannsstofu Marteins Mássonar, eða til að fagna vetri, héldu lögmenirnir sem starfrækja lögmannsstofur á 6. hæð hússins við

Lágmúla 7, hanastélsboð í byrjun nóvember. Vel var mætt til teitins og góður rómur gerður að veitingum sem voru ljúffengar og af rausnarskap veittar, hvort heldur sem þær dugðu til að

væta kverkar eða seðja svanga maga. Snápur á vegum Lögmannsbladsins var á kreiki með ljósmyndavél og festi nokkrar myndir á filmu.



*Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, brl. og Helgi Jóhannesson, brl. ræddu af bluttekningu við Gest Jónsson, brl. um vandkvæðin við að borga banka með tékka með tíustafa tölu - bvernig koma megi slíkri uppbæð fyrir í viðkomandi reit á tékkaeyðublaði.*



*Brosildir dómarrar, þau Þorgeir Ingi Njálsson og Hervör Þorvaldsdóttir béraðsdómarrar, voru líka meðal veislugesta.*



*Gunnar Jóhann Birgisson, brl. og Valborg Þ. Snævarr, hdl. á spjalli.*



*„Aðal“gestgjafinn, Sigurmar K. Albertsson, brl. tók á móti gestum er þá dreif að.*



*Eftir því var tekið meðal viðstaddra að beldur hefði báfegurð Jónasar Jóhannssonar béraðsdómara, sem hér er á skrafi við Sigurð Guðmundsson, hdl., látið á sjá frá því að hann fluttist í Reykjanesumdæmi, þó ósagt skuli látið hvort sambengi sé þar á milli.*

# Fréttir frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVÉ)

## **Starfsvið íslenskra umboðsmanna**

Í samþykktum Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa segir meðal annars um tilgang félagsins, að vettvangur þess sé að starfa „að verndun iðnréttinda“ „að stuðla að sérfræðilegri og öruggri meðferð mála á vettvangi iðnréttinda“ – „að vinna að endurbótum og framförum í löggjöf og framkvæmd lögverndar á sviði iðnréttinda“.

Orðið „iðnréttindi“ hefur aldrei náð að festa sig í sessi í tungumálinu þannig að það hafi verið notað af félagsmönnum og öðrum til að lýsa starfsvettvangi félagsmanna. Undirritaður telur að „hugverkaréttindi í þágu atvinnulífsins“ lýsi betur tilgangi félagsins og starfsvettvangi félagsmanna.

Helstu hugverkaréttindi í þágu atvinnulífsins eru þau sem lúta að uppfinningum, öðru nafni einkaleyfaréttur, í öðru lagi hugverk sem eru auðkenni á vörum eða þjónustu, öðru nafni vörumerkjaréttur og í þriðja lagi hönnun á útliti vöru eða skreytingu hennar, öðru nafni hönnunarréttur. Eigendur þessara hugverkaréttinda geta fengið opinbera skráningu á þessum hugverkaréttindum og öðlast þeir þá sérstakan lögverndaðan rétt til að andmæla notkun annarra á eins eða líkri uppfinningu, auðkenni eða hönnun. Einnig má nefna hugverkaréttindi tengd samkeppni sem varin eru af lögum um samkeppni.

Félagsmenn í FUVÉ eru 16, þar af eru 14 starfandi lögmennt.

## **Norrænir umboðsmenn**

Í sérhverju Norðurlandanna er starfrækt eitt umboðsmannafélag.

Tilgangur með starfsemi hvers umboðsmannafélags er því næst samhljóða. Samtals eru um 500 félagsmenn í umboðsmannafélögnum á Norðurlöndum. Félagsmenn eru flestir háskólamenntaðir á sviði raungreina eða löglaerðir. Inntöskilyrði eru nokkuð mismunandi en þó sameiginlegt með þeim að sífellt eru gerðar strangari kröfur um margra ára starfsreynslu. Umsækjandi skal hafa starfað á umboðsmannastofu sem félagsmaður rekur og með umboðsmannastörf sem aðalstarf eða starfað á hinn opinberu skráningarstofu viðkomandi lands, á Íslandi Einkaleyfa-stofunni.


## **Samstarf norrænu umboðsmannafélaganna**

CONOPA er skammstöfun fyrir „Committee of Nordic Patent Att-

orneys“ eða samstarfsnefnd norrænu umboðsmannafélaganna á sviði hugverkaréttinda í þágu atvinnulífsins. Í CONOPA eru formenn norrænu umboðsmannafélaganna. Samstarfið miðast við að stuðla að góðum og samræmdum stjórnsýslureglum á Norðurlöndum á sviði hugverkaréttinda í þágu at-

-----  
*... að stuðla að góðum og samræmdum stjórnsýslureglum á Norðurlöndum ...*  
-----

vinnulífsins, m. a. með því að vinna með og hafa áhrif á opinbera stjórnsýslu og einkastofnanir sem vinna á þessu sviði“.



*Mynd af stjórn félagsins. Talið frá vinstri: Örn Þór brl., varamaður, Valborg Kjartansdóttir brl., gjaldkeri, Ólafur Ragnarsson brl., formaður og Jón Arnalds brl., ritari.*

Haldin er norræn ráðstefna umboðsmanna þriðja hvert ár í einhverju Norðurlandanna og er umboðsmannafélag viðkomandi lands gestgjafi hverju sinni. CONOPA ákveður hins vegar faglegan hluta dagskrár ráðstefnunnar. Ráðstefnur þessar eru uppistaðan í samstarfi hinna norrænu umboðsmannafélaga.

### **Ráðstefna norrænna umboðsmanna á Íslandi**

XIX. Ráðstefna norrænu umboðsmannafélaganna var haldin dagana 11.-14. ágúst síðast liðinn í Reykjavík. Gestgjafi var Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa. Á meðfylgjandi mynd er stjórn félagsins. Á ráðstefnunni voru mættir um 250 þátttakendur með mökum.

Í Morgunblaðinu 24. september síðast liðinn, birtist grein eftir undirritaðan þar sem faglegum hluta ráðstefnunnar er lýst og veitt meðal annars stutt yfirlit yfir hvern fyrirllestur sem fluttur var á ráðstefnunni. Ég vísa til þessarar greinar

varðandi faglegan hluta ráðstefnunnar fyrir þá sem vilja fá upplýsingar um þann hluta.

Ráðstefnudagarnir voru þrír eins og ávallt. Annar dagur ráðstefnunnar er ávallt helgaður félagslegum (social del) þætti ráðstefnunnar og var hann notaður til ferðalaga og var boðið upp á þrjár mismunandi dagsferðir sem allar reyndust jafnvinsælar. Boðið var upp á söguferð, þ.e. Þingvellir-Húsafell-Borgarfjörður, ævintýraferð, þ.e. Gullfoss-Geysir-riverrafting í Hvítá og léttan dag þ.e. reiðtúr með Íshestum hf og Bláa Lónið. Reykjavíkurborg og iðnaðarráð-

herra buðu í dagslok til móttöku í Ráðhúsinu.

Lokahóf ráðstefnunnar var haldið í Perlunni og voru hinir erlendu þátttakendur ákaflega ánægðir með mat og drykkjarföng en hefð er að félagsmenn mæti allir í kjölfötum eða smoking. Þakhvelling Perlunnar og fegurð blás himinsins fyrir handan vakti hrifningu allra þátttakenda.

Þátttakendur lýstu ánægju sinni með framkvæmd ráðstefnunnar, bæði varðandi val og meðferð á því fagefni sem tekið var til meðferðar og ekki síður félagslegan þátt ráðstefnunnar.

## **Páll Heiðar Jónsson**

**löggitur skjalapýðandi og dómtúlkur á og úr ensku.**

Smáragata 12 • 101 Reykjavík • Sími 552-1106  
asb/phj@islandia.is

**Sinni einnig nytjapýðingum af ýmsu tagi.**

# **Breytingar á félagatali**

**B**reytingar orðnar sem hér verður komið á framfæri. Látið er þó við það sitja að greina frá starfsstöð hvers og eins en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Lögmannafélagsins, [www.lmf.is](http://www.lmf.is), og svo að sjálf-sögðu í símaskránni.

### **Ný málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi**

**Adolf Guðmundsson, hdl.**  
**Gullbergi hf.**

Langatanga 5, 710 Seyðisfjörður.

**Jónas Þór Guðmundsson, hdl.**  
Strandgötu 25, 220 Hafnarfjörður.

**Ágústa Ragna Jónsdóttir, hdl.**  
Sýslumaðurinn í Reykjavík  
Skógarhlíð 6, 150 Reykjavík.

### **Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands:**

**Björgvin Jónsson**  
**Gardar Valdimarsson**  
**Gunnar Gunnarsson**  
**Gunnar Sturluson**  
**Hanna Lára Helgadóttir**  
**Óskar Thorarensen**  
**Steingrímur Þormóðsson**  
**Þorsteinn Einarsson**

**Lögmannsstofur á nýjum stað:**  
**Andri Árnason, hrl. og**  
**Bjarki H. Diego, hdl.**  
Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík.

**Gissur V. Kristjánsson, hrl.**  
Síðumúla 2, 108 Reykjavík

**Þorsteinn Eggertsson, hdl.**  
Hverfisgötu 8 - 10, 3. hæð, 101 Reykjavík

# Morgunverðarfundur um handhöfn málflytningarréttinda

Þann 14. október síðastliðinn stóð Lögmannafélag Íslands fyrir morgunverðarfundum á Hótel Sögu, þar sem umræðuefnið var handhöfn lögmannsréttinda. Frummælendur á fundinum voru Jakob R. Möller, hrl. og formaður stjórnar félagsins, Sigríður Stefánsdóttir, hdl. og Vala Valtýsdóttir, hdl.

Í upphafi framsögu sinnar rakti Jakob R. Möller, hrl. stuttlega sögu Lögmannafélagsins og upplýsti að félagið hefði á sínum tíma verið stofnað til að vera félag sjálfstæðra, óháðra lögmannna, en auk þeirra hefðu svokallaðir innanhúslögmennt verið félagar í marga áratugi. Jakob benti á að margt hefði breyst með nýju lögmannalögunum, sem meðal annars gerðu strangari kröfur um eignarhald á lögmannsstofum og skyldu lögmannna til þess að hafa opna starfsstofu. Frá síðar nefnda skilyrðinu mætti hins vegar veita undanþágu, að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram kæmu í 1.-3. tl. 2. mgr. 12. gr. laganna. Í fyrsta lagi mætti þannig veita undanþágu ef lögmaður gegndi föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, enda veiti hann engum öðrum þjónustu sem lögmaður. Í öðru lagi ef lögmaður starfaði sem fulltrúi hjá öðrum lögmanni og í þriðja lagi ef lögmaður gegndi föstu starfi hjá félagasamtökum, enda veiti hann engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra, þjónustu og skal þjónustan þá falla innan starfssviðs samtakanna.

Jakob upplýsti að Lögmannafélaginu hefðu borist tugir umsókna vegna fyrst töldu undanþágunnar, þar á meðal frá fimm lögfræðingum í heilbrigðisráðuneytinu og sjö lögfræðingum hjá Tollstjóranum í Reykjavík. Þar sem dómsmálaráðu-



*Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.*

-----  
*Lögmannafélaginu hefðu borist tugir umsókna . . .*  
-----



*Jakob R. Möller, hrl. flutti framsögu og gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum og stjórnar Lögmannafélagsins.*

neytið hefði skotið sér undan skyldu sinni, samkvæmt 15. gr. lögmannalaganna, um mat á því hvaða störf teldust ósamrýmanleg handhöfn lögmannsréttinda, stæði Lögmannafélagið frammi fyrir þeim vanda að taka afstöðu til umsókna þessara aðila. Vardandi undanþágubeiðnir starfsmanna stjórnarráðsins, þá yrði þeim synjað, enda væri þessum starfsmönnum alls ekki ætlað að veita lögmannsþjónustu. Slíkt væri í höndum ríkislögmanns skv. lögum nr 51/1985 um ríkislögmann. Sama ætti einnig við um þá starfsmenn framkvæmdavaldsins sem sótt hefðu

um undanþágu á grundvelli 1. tl. 2. mgr. 12. gr. lögmannalaganna, því samkvæmt lögum nr. 92/1989, um framkvæmdavald ríkisins í héraði, önnuðust fulltrúar, sem sýslumönnum er heimilt að ráða, framkvæmd þeirra verkefna sem undir embættið heyrar. Því líti félagið svo á að hafna bæri beiðnum starfsmanna framkvæmdavaldsins, þar sem þeir veittu engum, hvorki vinnuveitanda né öðrum, lögmannsþjónustu. Taldi Jakob að ástæðan að baki undanþágubeiðna einstakra starfsmanna framkvæmdavaldsins tengdist ekki beinum starfsskyldum þeirra, heldur ætlu þeirra til að stunda einkarekstur samhliða, svo sem að mæta fyrir starfandi lögmennt við fyrirtökur hjá dómstólum, en til þess þurfi lögmannsréttindi.

Jakob áréttaði að lögmannafélagið væri félag sjálfstæðra, óháðra lögmannna og að stjórn félagsins og áreiðanlega lögmennt almennt, vildu ekki tugi ríkisstarfsmanna inn í félagið á hæpnum eða röngum forsendum. Kjarabaráttu sína yrðu lögfræðingar að heyja á öðrum vettvangi.

Í framsögu sinni kom Jakob einnig inn á eignarhald á lögmannsstofum og benti á að ein víðamesta breytingin á lögmannalögunum hefði falist í efni 4. mgr. 19. gr., sem bannaði fjölgreinasamstarf lögmannna og annarra starfstétta. Þetta ákvæði bannaði einnig að lögmennt ráði sig, sem lögmennt, til fyrirtækja sem ekki eru algerlega í eigu lögmannna. Lögmennt sem starfi sem slíkir til dæmis hjá endurskoðunarskrifstofum, starfi því í andstöðu við lagaákvæðið. Vakti Jakob sérstaka athygli á því að undanþága 1. tl. 2. mgr. 12. gr. um að lögmaður veitti engum öðrum

þjónustu en vinnuveitanda, þýddi að óheimilt væri að reiknisfæra á viðskiptamenn vinnuveitandans, kostnað vegna lögmansþjónustunnar. Væri slík lögmansþjónusta veitt viðskiptamönnum endurskoðunarskrifstofunnar, bryti það gegn 4. mgr. 19. gr. lögmanna­laganna.

Loks benti Jakob á að lögmennska væri ekki „business“, heldur hefðu lögmenn sérstökum skyldum að gegna við réttarkerfið, en umfram allt viðskiptamenn sína. Viðskiptamenn verði að geta treyst því að lögmaðurinn gæti fyllsta trúnaðar um öll þeirra mál, þar komist enginn annar að og aðrir hagsmunir víki fyrir þessum. Jakob lagði áherslu á að stjórn Lögmannafélagsins bæri brýn skylda til að standa vörð um sjálfstæði stéttarinnar og að félagið væri eini aðilinn sem hefði þá skyldu. Ýms­um finndist þetta sárt og hlutskipti stjórnar væri ekki auðvelt. Hins vegar væri ekki ætlunin að bregðst þessari skyldu.

Sigríður Stefánsdóttir, hdl. gerði að umtalsefni niðurfellingu lögmansréttinda og varpaði fram þeirri spurningu hvaða störf það væru sem teldust ósamrýmanleg handhöfn lögmansréttinda og hvort störf í stjórnarráðinu féllu þar undir. Benti Sigríður á að samkvæmt 15. gr. lögmanna­laganna legði lög­gjafinn það í hendur dóm­smálaráðherra að meta hvaða störf teldust ósamrýmanleg handhöfn lögmansréttinda. Því hljóti menn að spyrja hvort mat verði lagt á ósamrýmanleikann í hvert sinn? Í því sambandi benti Sigríður á að í frumvarpi til lögmanna­laganna hafi komið fram að ekki væri lengur gert ráð fyrir almennri auglýsingu ráðherra um það hvaða opinberu störf væru ósamrýmanleg handhöfn lögmansréttinda eins og áður tíðkaðist. Hins vegar veittu hvorki lögin sjálf né lögskýringargögn með þeim, neina leiðbeiningu um það hvaða störf það væru sem féllu þarna undir. Þrátt fyrir þetta hafi dóm­smálaráðuneytið nýverið birt auglýsingu um að dóm­arastörf teldust ósamrýmanleg



**Sigríður Stefánsdóttir, hdl. rakti sjónarmið sín sem starfsmanns stjórnarráðsins.**

-----  
*... þessum starfsmönnum  
alls ekki ætlað að veita  
lögmansþjónustu.*  
-----

handhöfn lögmansréttinda. Varp­aði Sigríður fram þeirri spurningu hvort gagnálykta mætti frá orðum auglýsingarinnar og líta þannig á að störf dómara væru einu störf­in hjá hinu opinbera, sem teldust ósamrýmanleg handhöfn lögmans­réttinda eða hvort búast mætti við frekari auglýsingu um ósamrýmanleikann? Þá varpaði Sigríður fram þeirri spurningu hvort eðlilegt væri að lög­gjafinn tæki á sama hátt á niðurfellingu réttinda hjá lögmanni sem hverfur tímabundið til annarra starfa og lögmanni sem bryti af sér í starfi með vítaverðum hætti. Benti Sig­ríður á að í greinargerð með 16. gr. lögmanna­laganna kæmi fram að ekki væri lengur gert ráð fyrir svo­kallaðri innlögn lögmans­réttinda ef eitthvað skortir á að skilyrði séu uppfyllt fyrir að mega nota þau. Frumvarpið gerði ráð fyrir að rétt­indi væru einfaldlega felld niður og síðan veitt að nýju ef skilyrði skapast til þess síðar. Velti Sigríður því upp hvort hún mætti búast við því að héraðsdóm­slögmans­rétt­indi hennar yrðu felld niður vegna starfa hennar hjá stjórnarráðinu og hvort það myndi breyta stöðu málsins ef stjórnarráðslögfræðingur ynni hálfan daginn á starfsstöð hins opinbera og hinn hluta starfs­dagsins á eigin lögmansstofu?

Vala Valtýsdóttir, hdl. hóf fram­sögu sína með vísan til forystu­greina síðustu þriggja tölublaða Lögmannablaðsins og benti á að sér hafi komið í opna skjöldu þær dylgjur sem þar væru settar fram í hennar garð og fleiri lögmanna sem störfuðu á endurskoðunar­skrifstofum. Taldi hún þær ein­kennilegar, einkum í ljósi þess að henni hefði fyrir á þessu ári verið veitt lögmansréttindi að nýju, at­hugasemdalaust, eftir að hafa hætt störfum hjá ríkinu og hafið störf hjá endurskoðunarskrifstofu. Lög­mannafélag Íslands hefði þá sam­þykkt beiðni hennar um undan­þágu á grundvelli 1. tl. 2. mgr. 12. gr. lögmanna­laganna. Áréttaði Vala að hún væri ekki að selja við­skiptamönnum endurskoðunar­skrifstofunnar lögmansþjónustu, enda hefði sérstök yfirlýsing verið gefin um að það yrði ekki gert, þegar sótt um téða undanþágu.

Vala beindi þeirri spurningu til formanns stjórnar Lögmannafélags­ins, hvort verið væri að mótmæla því að hún og aðrir lögmenn hjá endurskoðunarskrifstofum notuðu lögmans­stítillinn við undirritun bréfa f.h. skrifstofunnar og hvort það væri í raun meiningin með þeirri umsögn að lögmenn á endurskoðunarskrifstofum væru „prakkarar sem praktúsara undir fölsku flaggi“? Væri það rétt, yrðu menn að staldra aðeins við, því samkvæmt 2. mgr. 29. gr. lög­mann­laganna, væri þeim sem hef­ur fullgild starfsréttindi samkvæmt lögunum, heimilt og reyndar ein­um heimilt að nota starfsheitið lög­maður, héraðsdóm­slögmaður eða hæstaréttarlögmaður. Hvort sem mönnum líkaði það betur eða ver, þá væri hér um réttindi að ræða sem viðkomandi handhafi hefði aflað sér með lögmætum hætti og væri heimilt að nota sem starfs­heiti, samkvæmt skýru orðalagi 29. gr. laganna. Ennfremur hljóti þau réttindi að vera fullgild ef þar til bær aðili hefur veitt þau, það er dóm­smálaráðuneytið. Vísaði Vala í þessu sambandi til ákvæðis dönsku réttarfarlaganna um notk-

un lögmennstílsins, þar sem fram kæmi að þeir sem hafi aflað sér réttindanna en lagt þau inn, héldu titlinum, þó þannig að þeir mættu ekki gefa villandi upplýsingar varðandi notkun hans. Lögmenn væru þannig ekki sviptir titlinum, heldur skipti meginmáli hvort lögmenn, með notkun tílsins, villtu um fyrir væntanlegum viðskiptamönnum eða ekki.

Vala kom því næst inn á sjálfstæði lögmanna og vísaði sérstaklega í rit danska lögmannafélagsins um „Advokater i MDP og tvær-faglige samarbejder“, sem út kom í júní síðast liðinn. Tók hún undir orð formanns Lögmannafélags Íslands um það, að oft gæti verið veruleg hættu á því að lögmaður tapaði sjálfstæði sínu í störfum sínum og hann teldist þar með ekki óháður. Slíkt ætti sérstaklega við í litlu samfélagi eins og á Íslandi. Spurði Vala hvort ekki mætti efast um sjálfstæði lögmans, sem til dæmis hefði 20% tekna sinna frá einum viðskiptamanni? Einnig benti Vala á þau vandkvæði sem óneitanlega kæmu upp varðandi sjálfstæði lögmanna þegar um samrekstur margra sjálfstæðra aðila væri að ræða. Slíkur samrekstur gæti ógnað sjálfstæði lögmanna þegar þeir væru með sama heimilisfang, sameiginlega móttöku, fundarherbergi og jafnvel með sama bókara, faxtæki og annað sem lyti að rekstri þeirra. Ætti þetta við um allstóran hóp sjálfstæðra lögmanna hérlendis og því spurning hvort sjálfstæði lögmanna í þessari aðstöðu væri ekki hættu búin? Vísaði Vala í þessu sambandi á að Hæstiréttur Danmerkur hafi í máli frá árinu 1998, talið skrifstofusamstarf tveggja lögmanna með framangreindum hætti, leiða til vanhæfis. Vala tók einnig dæmi stöðu lögmans sem selur hlutafélagi þjónustu sína en situr jafnframt í stjórn þess. Spurði hún hvort ekki væri hægt að efast um sjálfstæði slíks lögmans og hvort hann teldist óháður þeim hagsmunum sem um væri að ræða?

Vala kvaðst sakna þess að ekki



**Vala Valtýsdóttir, bdl. gerði grein fyrir viðhorfum sínum til gagrýni formanns félagsins í garð endurskoðunarfyrirtækja sem ráðið bafa lögmenn til starfa.**

hafi verið ráðist í endurskoðun siðareglna lögmanna samfara nýjum lögmannaalögum, sérstaklega þegar til þess væri lítið að lögin um endurskoðendur, sem sett voru ári áður en lögmannaalögin tóku gildi, væru mun strangari og markvissari hvað siðareglur og vanhæfi endurskoðenda varðaði, bæði almennt og í einstökum málum. Því hefði það verið skynsamlegra fyrir lögmannafélagið að standa sig í stykkinu og setja strax í upphafi, framkvæmdareglur vegna ákvæðis 12. gr. lögmannaalaganna.

Að lokum lýsti Vala þeirri skoðun sinni að lögmenn ættu frekar að snúa bökum saman og leysa úr þeim vandamálum sem upp hafa komið í sambandi við handhöfn lögmansréttinda með nýju lögunum. Frekar en að berjast hvor við annan eins og um algera andstæðinga væri að ræða en ekki félagsmenn sama félags.



**Gunnar Ármannsson, bdl. kvaddi sér einnig hljóðs og rakti málefnið eins og það horfir við honum.**

Ekki var mikið um fyrirspurnir frá fundarmönnum, en þó sté Gunnar Ármannsson, lögfræðingur hjá Tollstjóranum í Reykjavík, í pontu og lýsti þeirri skoðun sinni að þar sem dómsmálaráðuneytið hefði þegar gefið út leyfi sér til handa, til að vera héraðsdómslögmaður, þá bæri lögmannafélaginu að veita sér undnaðágu á grundvelli 12. gr. lögmannaalaganna, enda sinnti hann lögmennsku í starfi sínu hjá embætti Tollstjórans í Reykjavík.

Gísli Tryggvason, hdl., spurði formann stjórnar Lögmannafélagsins, hvort þeim fimm lögfræðingum heilbrigðisráðuneytisins, sem sótt hefðu um undanþágu, en verið synjað, hefði verið gefinn kostur á andmælarétti. Upplýsti formaðurinn að slíkt hefði ekki verið gert.

Loks spurði Halldór Frímannsson, hdl., hvort Lögmannafélagi Íslands hefðu borist margir undanþágubeiðnir vegna fyrirtækja sem ekki væru í eigu lögmanna? Svaraði Jakob því til að aðeins þrjú fyrirtæki, auk KPMG – endurskoðunar hf., hefðu lagt inn slíka undanþágubeiðni og að engin slík undanþága hefði verið veitt.

Fulltrúar frá dómsmálaráðuneytinu sátu fundinn og hlýddu á erindi frummælenda og þær fyrirspurnir sem þar komu fram. Þeir færðust hins vegar undan að svara þeim spurningum sem að þeim var beint, en Lögmannafélagið á hins vegar von á að efni fundarins hafi borist dómsmálaráðherra til eyrna og að ráðuneytið muni taka á þessu vandræðamáli hið fyrsta.

Óhætt er að segja að fundurinn hafi tekist vel og þeir fjölmörgu sem hann sóttu ánægðir með að umræðuefnið, sem verið hefur í brennidepli síðustu mánuði, skuli hafa verið rétt opinskátt og allir aðilar fengið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ljóst er hins vegar að málefnið á eftir að fara í gegnum frekari umræður áður en endanleg laus fæst á því hverjir geti talist lögmenn á grundvelli laga nr. 77/1998.

# Af Jónum eða séra Jónum

Á morgunverðarfundum Lögmannafélags Íslands fimmtudaginn 14. október síðastliðinn, var til umfjöllunar hverjir geti verið handhafar lögmannsréttinda, hverjir geti titlað sig lögmenn (hdl., hrl.) og þar með verið félagar í Lögmannafélaginu. Umræðan er sprottin upp í kjölfar nýrra lögmannalaga er gildi tóku í ársbyrjun 1999 og vegna túlkunar Lögmannafélagsins og dómsmálaráðuneytisins á ákvæðum þeirra. Skrif formanns Lögmannafélagsins í blað lögmanna undanfarið og þau ummæli er þar eru viðhöfð hafa jafnframt vakið undrun ýmissa. Hefur hann beint spjótum sínum aðallega að þeim lögmönnum sem starfa á endurskoðendaskrifstofum og talið þá brjóta lögmannalögin með framferði sínu. Athygli formannsins virtist hafa verið vakin á því að nokkrir lögfræðingar er starfað höfðu hjá skattfyrirvöldum höfðu leyst til sín lögmennsréttindi sín og hafið störf hjá endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækjum. Mátti ætla af lestri forystugreina blaðsins að slíkt væri formanni félagsins ekki beint að skapi.

Á fundinum voru haldin mjög góð erindi um málefnið frá ýmsum sjónarhornum og íslenskur réttur borinn saman við erlendan, aðallega danskan. Umræður í kjölfar framsöguerinda spegluðu jafnframt þann ágreining og misjafna skilning sem menn leggja í ákvæði lögmannalaganna. Þannig virðist formaður Lögmannafélagsins vera þeirrar skoðunar að engir aðrir geti talist til lögmanna en þeir sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 12. gr. laganna. Ákvæði 2. mgr. um undanþágu virðist hann álíta aðeins eiga við um þá lögmenn er starfa hjá bönkum og tryggingafélögum. Vakti það nokkuð furðu mína að í



*Elín Árnadóttir, bdl.*

ræðu sinni um sjálfstæði lögmanna og gagnrýni á lögmenn er starfa á endurskoðunarskrifstofum, var aldrei minnst á lögmenn sem starfa til dæmis hjá bankastofnunum, þó ég eigi bágð með að sjá hvaða eðlismunur er þar á.

-----  
*Skrif formanns hafa vakið undrun*  
-----

Lögmenn sem starfa hjá endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækjum og sækja um undanþágu frá 1. mgr. frá því að vera með starfsábyrgðartryggingu, skrifstofu opna almenningsi og með fjárvörslureikninga, gera það á þeirri forsendu að þeir muni eingöngu starfa sem lögmenn fyrir sinn vinnuveitanda. Það var einmitt það sem undirrituð hafði í hyggju þegar ég réðist til starfa hjá endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækinu PricewaterhouseCoopers, eftir að hafa rekið lögmennsstofu í tæp fjögur ár. Þar sem ég vissi um áralanga hefð fyrir því að lögmenn hjá ýmsum aðilum í einkageiranum, sem og opinberum stofnunum, héldu sínum lögmennsréttindum á grundvelli fyrrgreindrar undanþágu verð ég að viðurkenna að ég áttaði mig ekki á árásum formanns Lögmannafélagsins á lögmenn endurskoðunarfyrirtækja. Ég skil þetta reyndar ekki

ennþá. Ég hef eiginlega talið lögmannalögin nokkuð skýr að þessu leyti og heimild til undanþágu frá skilyrðum 1. mgr. 12. gr. hefur varla verið sett upp á punt, enda praktiserað í reynd um árabíl. Að sjálfsögðu er það ekki meiningin með því að ráða sig til starfa hjá tekinum aðila að halda áfram að praktisera með lögmennsstofu. Þá væri varla verið að sækja um undanþágu. (Ég hef reyndar ekki gert upp við mig hvort ég sæki um undanþágu frá 1. mgr. eða legg inn réttindin í bili, enda bara nýhætt að praktisera). Auðvitað er alveg ljóst að endurskoðunarskrifstofa, ekki frekar en banki, selur ekki lögmennsþjónustu til sinna viðskiptavina, enda held ég að slíku sé ekki haldið fram. Ég hef ráðið mig til starfa og kys að halda mínum lögmennsréttindum áfram til að gæta hagsmuna míns vinnuveitanda, til dæmis gæti ég ekki annast málflutning fyrir vinnuveitandan nema með því að halda réttindunum, sbr. 1. mgr. 2. gr. lögmannalaganna. Ég skil ekki þessar áhyggjur formannsins og dylgjur um að menn sigli undir fölsku flaggi. Hitt er annað mál hvort ekki er ástæða til að endurskoða ákvæðið um undanþágu, starfi lögmaður fyrir einkaaðila eða opinbera stofnun, út frá samkeppnissjónarmiðum.

Varðandi sjálfstæði lögmanna og hættu á hagsmunaaðrekkstri fannst mér formaðurinn víkja sér fimlega undan því að svara fyrirspurnum frummælendanna tveggja er þarna héldu einnig erindi, þeirra Sigríðar Stefánsdóttur og Völu Valtýsdóttur. Það hefði til dæmis verið athyglisvert að heyra skoðun hans á spurningu Völu um sjálfstæði þegar lögmaður hefur t.d. 20% (eða meira) tekna sinna frá einum aðila. Hvar er þá sjálfstæðið? Er lögmaður þá óháður? Eða, þegar lögmaður



ur situr í stjórn hlutafélaga út um allan bæ. Einnig eru mörg dæmi þess að sjálfstætt starfandi lögmenn séu jafnvel ráðnir hjá vinnuveitanda hálfan daginn og praktíseri svo hálfan. Nei, það eina sem virðist komast að hjá formanni Lögmannafélagsins eru lögmenn er starfa hjá endurskoðunarfyriertækjum. Þar eru tengslin þó augljós en ekki falin eins og í ofangreindum dæmum og þeir lögmenn starfa aðeins fyrir endurskoðunarfyriertækið sem lögmenn. Ýmsar fleiri spurningar vakna við þessar vangaveltur svo sem: Á stjórn Lögmannafélagsins að setja sérstakar reglur um sjálfstæði og hafa eftirlit með þeim? Á stjórn Lögmannafélagsins að gæta þess að lögmaður gæti þess að ekki verði hagsmunaaðrekstur í störfum hans?

Ég tel þó engan veginn loku fyrir það skotið, hafi menn áhuga á því, að lögmenn, hvort sem þeir starfi hjá endurskoðunarfyriertæki eða annarsstaðar, geti jafnframt verið sjálfstætt starfandi, enda þekkt dæmi þess. Þá uppfylla menn skilyrði lögmannaálaganna, m.a. 1. mgr. 12. gr. og sækja ekki um neina undanþágu. Fá sér starfsábyrgðartryggingu, fjárvörslureikninga og opna skrifstofu, ekkert einfaldara og starfa náttúrulega á eigin ábyrgð og á eigin reikning. Hætta á hagsmunaaðrekstri er alltaf fyrir hendi hvort sem menn eru í

starfi með lögmannsstarfi eða hafa önnur tengsl við aðra aðila. Ber lögmanni af sjálfsdádóm að gera skjólstæðingi sínum fyrir atríðum er kunna að gera hann háðan gagnaðila sínum, sbr. 9. gr. siðareglanna.

-----

### *Ýmsar fleiri spurningar vakna við þessar vangaveltur...*

-----

Umræðan um að skila inn réttindum sínum eða fella þau niður er einnig nauðsynleg og held ég það hljóti að vera spurning hvort menn verði sviptir áunnum atvinnuréttindum við það eitt að skipta um starf. Í því starfi er kannski ekki þörf á réttindunum sem slíkum en viðkomandi hefði áhuga á að viðhalda þeim. Ég held að menn hljóti að hugsa sig um tvisvar áður en þeir „deponera“ sínum réttindum enda aldrei að vita hvaða reglur verða svo í gildi þegar menn ætla að ná þeim til sín aftur. Ég teldi eðlilegra að mönnum væri það í sjálfvald sett hvort þeir afsali sér réttindum sínum en lögmönnum hlýtur að vera treystandi til að meta það sjálfir hvort störf þeirra samrýmist lögmannaögum og siðareglum lögmanna, enda virðast lögin reyndar gera ráð fyrir því, sbr. 2. mgr. 15. gr. 1. mgr. 15. gr. kveður á um að réttindin verði felld niður taki maður við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmlegt handhöfn lögmansréttinda. Í máli Sigríðar kom fram að einungis ein slík tilkynning hefði komið fram, þ.e. að störf dómara teljist ósamrýmleg handhöfn lögmansréttinda.

Mér finnst mjög virðingarvert að formaður Lögmannafélagsins berjist með kjafti og klóm fyrir hagsmunum stéttarinnar. Hann gerir það ágætlega að ýmsu leyti og hefur komið þessari mjög svo þörfu umræðu af stað. Ég vona að umræðan haldi áfram og menn komi sínum sjónarmiðum á framfæri en

hætti að pukrast hver í sínu horni. Lögmenn þurfa vissulega að gæta sinna hagsmuna auk hagsmuna skjólstæðinga sinna en verða jafnframt að leyfa starfinu að þróast áfram. Gaman væri t.d. að umræðu um starfið sjálft sem slíkt. Hvað felst í lögmansþjónustu. Á annað samstarfsform rétt á sér en það sem nú er tíðkað, þ.e. lögmenn sem hafa samrekstur á skrifstofuhaldi en starfa sjálfstætt hver fyrir sig. Er eitthvað síður hætta á hagsmunaaðrekstri í þeim tilvikum. Mín reynsla er sú að menn hafa höndlað þá hætta á hagsmunaaðrekstri ágætlega og þar sem ég þekki til litið svo á að um hagsmunatengsl væri að ræða þannig að menn vinna t.d. ekki fyrir gagnaðila samrekstraradila. Þó virðist lítið hafa verið um þetta rætt og alls ekki víst að allir hafi sömu sjónarmið á efninu. Á að opna möguleika á fjölgreinasamstarfi (MDP)? Umræðan hefur að mestu verið bundin við samstarf lögmanna og endurskoðenda en menn ættu ekkert síður að horfa til samstarfs lögmanna við aðrar starfsgreinar s.s. lækna, félagsráðgjafa, sálfræðinga, verkfræðinga og svo framvegis.

Ákvæðið um opna skrifstofu gæti örugglega einnig orðið tilefni mikilla deilna og vangaveltna ef félagið ætlar t.d. að fara þá „stóra-bróðurs“ leið að skikka menn til að hafa tiltekna skrifstofu opna á tilteknum tíma og útbúna tilteknum tækjum. Ég held að eðlilegra væri að leyfa skjólstæðingnum að velja sér lögmann í samræmi við þá þjónustu sem hann býður upp á og leita annað verði hann fyrir vonbrigðum. Lögmansþjónusta verður alltaf fyrst og fremst persónuleg þjónusta þess lögmanns er hana veitir og er engin trygging fyrir betri þjónustu á marmaraklæddri skrifstofu. Lögmönnum ber að starfa eftir codex ethicus og á að vera treystandi til þess.

Finnst mér félagið ætti að einbeita sér að öðrum hlutum og mikilvægari hagsmunum stéttarinnar en að reyna að flæma menn úr félaginu.

## **Endurrit hæstaréttardóma**

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðformi og með efnisyfirliti.

**Áskrift er hægt að panta á skrifstofu L.M.F.Í., síma 568-5620.**

Með lögmannalögnum nýju var m.a. gerð grundvallarbreyting á því hvernig aflað er málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi. Um miðjan október síðastliðinn gaf dómsmálaráðuneytið út reglugerð um próf það sem standast skal til að öðlast réttindi samkvæmt lögnum þar sem um slíka grundvallarbreytingu er að ræða er reglugerðin birt hér.

# Reglugerð

nr. 713/1999

*um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður*

## I. kafli Prófnefnd.

### 1. gr.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 77/1998 verður umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður að standast prófraun til þess að öðlast þau réttindi.

Prigga manna prófnefnd annast prófraunina. Dómsmálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn, eftir því sem nánar er fyrir mælt í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/1998.

### 2. gr.

Formaður prófnefndar stýrir nefndarfundum og kemur fram fyrir hönd nefndarinnar út á við.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

## II. kafli Námskeið.

### 3. gr.

Prófnefnd skipuleggur og stendur fyrir námskeiðum til undirbúnings prófraun.

Námskeið skulu að jafnaði haldin á hverju ári og skal auglýsa þau með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Ef færri en tíu hafa skráð sig til þátttöku á námskeiði innan tilskilins skráningarfrests er heimilt að fella námskeiðið niður. Þó skal efnt til námskeiðs ekki sjaldnar en annað hvert ár.

Námskeið skulu haldin í Reykjavík eða nágrenni. Að auki er prófnefnd heimilt að efna til námskeiðs annars staðar á landinu ef næg þátttaka fæst.

### 4. gr.

Prófraun skiptist í tvo hluta eftir því sem nánar er fyrir mælt í 7. og 10. gr. auk verklegrar prófraunar, sbr. 15. gr. Námskeið til undirbúnings fyrri hluta prófi skal haldið í janúar- og febrúarmánuðum og námskeið til undirbúnings síðari hluta prófi í apríl- og maímánuðum ár hvert, sbr. þó 2. mgr. 3. gr.

Þeir einir geta sótt námskeið til undirbúnings fyrri hluta prófi sem lokið hafa embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands. Ennfremur þeir, sem lokið hafa samþærigu prófi frá öðrum háskóla, enda telji prófnefnd

sýnt að þeir hafi öðlast næga þekkingu á íslenskum lögum. Til að sannreyna það er nefndinni heimilt að leggja fyrir þá að gangast undir sérstakt próf á vegum hennar í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

Þeir einir geta sótt námskeið til undirbúnings síðari hluta prófi sem lokið hafa fyrir hluta prófi.

### 5. gr.

Kennslugreinar á námskeiðum eru þessar og skiptast þannig á milli fyrri og síðari hluta námskeiðs:

#### Námskeið fyrir fyrri hluta próf:

1. Sönnun, þ.e. öflun sönnunargagna og sönnunarfærsla fyrir dómi.
2. Málflutningur.
3. Störf verjenda og réttargæslumanna.
4. Skiptastjórn og önnur störf lögmannna að fullnustu-gerðum.
5. Önnur störf lögmannna en þau, sem talin eru upp í 1.-4. tölul., svo sem samningsgerð, ráðgjöf og meðferð stjórnslumála.

#### Námskeið fyrir síðari hluta próf:

6. Réttindi og skyldur lögmannna, þ. á m. síðareglur lögmannna og þóknun fyrir lögmannsstörf.
7. Rekstur lögmannsstofa, þ.m.t. varðveisla fjármuna á vörslufjárreikningum.
8. Lögfræðileg skjalagerð.

Í tengslum við námskeiðið fer fram kynning á starfsemi Lögmannafélags Íslands og einstökum þáttum hennar.

### 6. gr.

Kennslustundir skulu vera 50-60 á námskeiði fyrir fyrri hluta próf og 35-45 á námskeiði fyrir síðari hluta próf. Prófnefnd ákveður fjölda kennslustunda innan þessara marka, svo og námsefni í hverri kennslugrein.

Prófnefnd hefur umsjón með kennslu og skal ráða til þess kennara. Ennfremur er prófnefndinni heimilt að fela Háskóla Íslands eða Lögmannafélagi Íslands að annast kennslu í einstökum kennslugreinum.

## III. kafli Prófraun.

### 7. gr.

Prófraun skiptist í fyrri hluta próf, sem fram fer í

byrjun marsmánaðar, og síðari hluta próf sem fram fer í lok maímánaðar ár hvert.

Að auki skal prófmaður þreyta verklega prófraun eftir því sem nánar er fyrir mælt í 15. gr.

#### 8. gr.

Þeir einir geta þreytt próf, sem sótt hafa námskeið til undirbúnings prófsins með fullnægjandi hætti að mati prófnefndar. Nefndinni er heimilt að taka sérstakt tillit til þeirra sem stunda atvinnu utan Reykjavíkur og nágrennis eða utan annarra svæða þar sem námskeið er haldið.

Ef maður hefur lokið námskeiði samkvæmt framan-sögðu hefur hann rétt til að þreyta próf á því ári og næstu tveimur árum sem á eftir fylgja. Að þeim tíma loknum þarf hann að taka þátt í námskeiði að nýju til undirbúnings prófi.

Ef maður hefur lokið fyrri hluta prófi skal hann ljúka síðari hluta prófi og verklegri prófraun innan þriggja ára. Að þeim tíma liðnum þarf hann að taka þátt í námskeiði að nýju til undirbúnings fyrri hluta prófi og þreyta prófið að nýju. Ef maður hefur lokið verklegri prófraun þarf hann ekki að endurtaka hana.

#### 9. gr.

Prófnefnd tekur ákvörðun um prófsefni og getur það hvort sem er verið ritað námsefni og fyrirlestrar og annað, tengt kennslu á námskeiðum.

Markmið með prófraun er að tryggja að prófmaður hafi

- tileinkað sér almenna þekkingu á störfum lögmanna,
- öðlast þekkingu á hlutverki lögmanna og réttindum þeirra og skyldum,
- öðlast þjálfun við að flytja mál fyrir dómi,
- öðlast þjálfun við að leysa úr helstu álitaeftum er koma til kasta lögmanna,
- kynnst starfsemi Lögmannafélags Íslands og úrskurðarnefndar lögmanna.

#### 10. gr.

Prófgreinar eru þessar og skiptast þannig milli prófhluta:

#### Fyrri hluta próf:

1. Sönnun, þ.e. öflun sönnunargagna og sönnunar-færsla fyrir dómi.
2. Málflutningur.
3. Störf verjenda og réttargæslumanna.
4. Skiptastjórn og önnur störf lögmanna að fullnustu-gerðum.
5. Önnur störf lögmanna en þau, sem talin eru upp í 1. - 4. tölum., svo sem samningsgerð, ráðgjöf og meðferð stjórnssylumála.

#### Síðari hluta próf:

6. Réttindi og skyldur lögmanna, þ. á m. siðareglur

lögmanna og þóknun fyrir lögmansstörf.

7. Rekstur lögmansstofa, þ.m.t. varðveisla fjármuna á vörslufjárreikningum.

8. Lögfræðileg skjalagerð.

#### 11. gr.

Próf í hvorum hluta skulu að jafnaði haldin í framhaldi af námskeiði, sbr. 4. og 7. gr. Ef námskeið er felld niður vegna ónógrar þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr., skal próf engu síður haldið fyrir þá sem sótt hafa námskeið og öðlast rétt til að taka próf.

Ef maður mætir ekki í próf á hann þess ekki kost að þreyta það að nýju fyrr en að ári.

#### 12. gr.

Prófnefnd tilkynnir þátttakendum á námskeiði, svo og öðrum þeim sem öðlast hafa rétt til að þreyta próf, sbr. 8. gr., hvar og hvenær próf eru haldin.

Próf skulu ýmist vera munnleg eða skrifleg samkvæmt ákvörðun prófnefndar. Nefndin ákveður lengd próftíma og aðra tilhögun prófa.

#### 13. gr.

Prófnefndarmenn semja og leggja prófverkefni fyrir prófmenn. Skulu þeir jafnframt gefa einkunnir fyrir úrlausnir, ásamt óháðum prófdómurum sem dómsmálaráðherra skipar. Prófnefndarmenn geta falið kennurum, sem annast hafa kennslu á námskeiðum, að aðstoða sig við framkvæmd prófa.

Mat prófnefndarmanns og prófdómara á úrlausn er endanlegt.

#### 14. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast próf í hvorum hluta fyrir sig þarf prófmaður að hljóta a.m.k. 5.0 í hverri prófgrein og a.m.k. 7.0 í meðaleinkunn úr öllum prófgreinum.

Prófnefnd afhendir þeim, sem staðist hafa prófraun, þ.m.t. verklega prófraun, skírteini þess efnis.

#### 15. gr.

Prófmaður skal leggja fyrir prófnefnd vottorð sjálfstætt starfandi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmans um að hann hafi þreytt verklega prófraun. Prófraun skal prófmaður þreyta eftir að hann hefur lokið fyrri hluta prófi og innan sex mánaða frá því að hann lýkur síðari hluta prófi. Prófnefnd er heimilt að framlengja þann frest í sérstökum tilvikum.

Verkleg prófraun er fólgin í því að veita lögmanni aðstoð við flutning eins máls fyrir héraðsdómi, þ. á m. að veita honum aðstoð við að afla sönnunargagna og undirbúa málflutningsræðu. Prófmanni ber jafnframt að vera lögmanni til aðstoðar við aðalmeðferð málsins.

Prófnefnd skal staðfesta fyrir sitt leyti að dómsmál sé þess eðlis að með aðstoð við flutning þess reyni á þá kunnáttu prófmans sem hann hefur tileinkað sér á

námskeiði fyrir fyrri hluta próf. Skal nefndin hafa milli-  
göngu um að útvega honum slíkt mál ef þörf krefur.

#### IV. kafli Önnur ákvæði.

##### 16. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni tillögu próf-  
nefndar, gjald sem þátttakendur skulu greiða fyrir nám-  
skeið, próf og verklega prófraun.

Gjaldið skal ákveðið sérstaklega fyrir hvorn nám-  
skeiðshluta og eftirfarandi próf, svo og fyrir verklega  
prófraun, og skal gjaldið nema kostnaði við námskeið,  
próf og stjórnun.

Greiða skal þátttökugjald við skráningu og er það  
því aðeins endurkræft að námskeið sé felld niður.

##### 17. gr.

Prófnefnd getur ákveðið að þeir, sem lokið hafa  
prófi í tiltekinni eða tilteknum kjörgreinum við laga-  
deild Háskóla Íslands, þurfi ekki að sækja kennslu og

þreyta próf í einhverri eða einhverjum þeirra greina  
eða hluta þeirra greina sem taldar eru upp í 5. og 10.  
gr.

##### 18. gr.

Prófnefnd er heimilt að fela Háskóla Íslands eða  
Lögmannafélagi Íslands að hafa umsjón með fram-  
kvæmd námskeiða og prófa, fyrir hönd nefndarinnar,  
þ. á m. að sjá um skráningu á námskeið og innheimtu  
gjalda skv. 16. gr.

##### 19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2.  
mgr. 7. gr. laga um lögmennt nr. 77 15. júní 1998, öðl-  
ast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,  
14. október 1999.  
Sólveig Pétursdóttir  
Björn Friðfinnsson.*

# Groa@leiti.is

*Enn er Gróa systir Marðar að.*

## Efni: If you can't beat them ...

Sælar. Þar kom að því! Þórunn Guðm. búin að  
gefast upp á því að láta kollegana í Lágmulan-  
um hæða sig fyrir litlu hvítu Daihatsu dolluna  
og búin að kaupa sér jeppling. Það ku hafa gert  
útslagið þegar Simmi og Skúli á sjöttu fengu sér  
á einu bretti tvo Heklujappa. Þetta er sem sagt  
enginn smá floti á planinu fyrir framan húsið  
þegar þessir þrír bætast við Jónasar Aðalsteins-  
sonarfjölskyldujappa og hans Helga Jó.

*Kveðja, Gróa.*

## Efni: Einkabílastæði.

Talandi um Lágmulafólk. Þegar maður töltir  
yfir Lækjargötuna á leið í Héraðsdóm er eins  
gott að passa tærnar svo Helgi Jó valti ekki yfir  
þær á leið í sitt prívatbílastæði. Það er raunar  
svolítið sérstakt, að stæðið er merkt forsætis-  
ráðuneytinu og er beint fyrir utan Stjórnarráðið.  
Þeir eru nú í sama flokki hann og Davíð svo  
þetta hlýtur að vera í góðu lagi, allavega hef ég  
aldrei séð lögguna fjarlægja Landkrúserinn.

*Kveðja, Gróa.*

## Efni: Dómaraveiting.

Blessuð, það er víst kurr í garð Sólveigar  
núna eftir nýjustu dómarastöðuveitinguna. Þú  
manst hæfisnefndin var búin að raða öðrum í  
efstu sætin en hún fór ekkert eftir því. Menn  
eru að tala um að til lítils hafi verið sett þetta  
regluverk allt ef svo eigi ekkert að fara eftir því.  
En til einhvers er jú ráðherravaldið.

*Kveðja, Gróa.*

## Efni: Hæfisnefndin.

Talandi um hæfisnefndina. Sumum dómurum  
finnst það nú ekkert of þægileg tilhugsunin að  
hafa lögmennt í þessari nefnd. Það sé ekki of  
gott að þurfa kannski að eiga mat á hæfi sínu  
undir lögmanni sem kannski er í marggang  
búin að tapa málum hjá viðkomandi. Menn séu  
ekki of trúaðir á að þeir njóti alls sannmælis í  
slíku. Svo er nú líka til þess að taka hvar lög-  
mennt lenda í þessum mötum nefndarinnar,  
alltaf á botninum, óhæfastir. Og þetta skrifa  
fulltrúar lögmanna í nefndinni upp á. Ja, hvort  
ætlir það séu umsækjendurnir eða starfið sem  
hafi þar meira að segja???? Maður veltir þessu  
fyrir sér.

*Kveðja, Gróa.*

# Við starfslok

Í tilefni af starfslokum mínum hjá Lögmannafélagi Íslands 1. Desember kom Björn L. Bergsson, ritstjóri Lögmannablaðsins, að máli við mig og bauð mér að segja nokkuð frá starfstíma mínum hjá félaginu. Þar sem ég tel viðtalsformið ekki henta Lögmannablaðinu féllst ritstjórinn góðfúslega á að ég setti þetta fram í formi stutts pistils.

Þegar ég hóf störf hjá LMFÍ 1. apríl 1990 var staða félagsins og lögmannastéttarinnar að mörgu leyti ólík því sem er í dag. Á þessum áratug, sem liðinn er, hafa orðið meiri breytingar í starfsumhverfi lögmannna og í starfsemi félagsins en á öðrum jafnlöngum tíma í tæplega 90 ára sögu félagsins. Mig langar hér að geta þess helsta, sem gerst hefur á þessum tíma.

## **Fjölgun félagsmanna**

Á þessum áratug hefur félagsmönnum fjölgað um 62%, eða úr 327 í 528. Athyglisvert er, og ánægjulegt, að konum með lögmannsréttindi hefur á þessum tíma fjölgað úr 26 í 83, eða úr tæplega 8% í tæplega 16% af heildarfjölda lögmannna.

## **Réttarfarsbreytingar - EES-samningur - aðrar lagabreytingar**

Sennilega hafa fáar stéttir upplifð að jafn umfangsmiklar breytingar á jafnskömmum tíma á efnivíði fags síns eins og lögmennt við réttarfarsbreytingarnar 1992 og með gildistöku EES-samningsins skömmu síðar. Vegna réttarfarsbreytinganna efndi LMFÍ til umfangsmesta námskeiðahalds í sögu félagsins vorið 1992. Þessar breytingar og raunar breytingar og nýmæli á nánast öllum réttarsviðum hafa að sjálfsögðu þýtt mikið álag á lögmannastéttina við að tileinka sér hinar nýju reglur. Að mínu mati hefur lögmannna-



**Marteinn Másson, framkvæmdastjóri**

stéttin sýnt það að hún stendur undir þeim kröfum, sem gerðar eru til hennar í nútíma þjóðfélagi. Það, hversu fljótt þeir hafa tileinkað sér laganýjungar og mikill áhugi þeirra á endurmenntun á sínu sviði, er staðfesting á þessu.

## **Breytingar í rekstrarumhverfi**

Umtalsverðar breytingar hafa jafnframt orðið í rekstrarumhverfi lögmannna. Gildistaka virðisauka-skattslaganna og laga um fjármagnstekjuskatt, bann við útgáfu leiðbeinandi gjaldskrár LMFÍ, samkeppni frá öðrum stéttum o.fl. hafa vakið lögmennt meira til umhugsunar um reksturinn, tekjur hans og gjöld. Kostnaðarvitund hefur aukist, meðal annars vegna þeirrar grundvallarbreytingar í gjaldtöku lögmannna, að þeir miða þóknun sína æ meir við tímagjald í stað hagsmunatengdrar gjaldskrár.

## **Áföll í upphafi áratugar**

Snemma á þessum áratug varð ímynd lögmannastéttarinnar fyrir allmiklum skaða þegar nokkrir félagsmenn urðu gjaldþrota, en í sumum tilvikum urðu skjólstæðingar hinna gjaldþrota lögmannna fyrir fjárhagslegu tjóni þar sem þeim voru ekki gerð skil á fjármunum sínum. Þó hér hafi verið um örfáa einstaklinga í stéttinni að ræða varð umræðan í sumum fjölmiðlum, á Alþingi og víðar mjög neikvæð gagnvart stéttinni í heild sinni. Hin neikvæða umræða hafði

svo aftur í för með sér mjög mikla fjölgun skriflegra kæru- og ágreiningsmála og verulega aukid álag á skrifstofu félagsins vegna fjölda símhringinga og viðtala við þá, sem höfðu athugasemdir fram að færa um starfshætti lögmannna eða áskilda þóknun. Á köflum reyndist erfitt að sinna öðrum störfum sæmilega vegna þessa álags.

## **Endurskoðun málflytjendalaganna**

Þessir atburðir, sem að framan voru nefndir, urðu til þess að LMFÍ hafði frumkvæði að því að málflytjendalögunum var breytt árið 1995, þar sem lögfest var skylda lögmannna til að hafa starfsábyrgðartryggingar og að halda fjárvörslureikninga. Ekki voru allir lögmennt sáttir við þessar breytingar og átöldu félagið fyrir að beita sér fyrir slíkum kvöðum. Jafnvel enn í dag eru sumir ekki sáttir við þá sjálf-sögðu reglu að geyma fjármuni skjólstæðinga sinna á sérstökum reikningum, fjárvörslureikningum, og senda stjórn LMFÍ yfirlýsingu árlega, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um slíkar fjárvörslur. Með það í huga, sem á undan var gengið, er ég þeirrar skoðunar að félagið hafi tekið skynsamlega stefnu í þessu efni og axlað sjálft þá ábyrgð, sem stöðu og hlutverki þess fylgir í þjóðfélaginu.

## **Lögmannalög**

Auk framangreindra breytinga á málflytjendalögunum hafði LMFÍ frumkvæði að því að lögin voru í heild sinni tekin til endurskoðunar. Sú vinna fór í gang á árinu 1995 en málið tók fljótt aðra stefnu en búist hafði verið við. Aðdragandinn að setningu lögmannalaganna er vafalaust enn flestum lögmenntum í fer-sku minni og ég ætla ekki að eyða miklu plássi í að rekja hann hér. Ég tel að á tímabili hafi verið veruleg hætta á að lögin yrðu með öðru

sniði, en raun varð á, en það hefði þýtt að forræði í málefnum stéttarinnar hefði flust að verulegu leyti til framkvæmdavaldsins í landinu. Stjórnir félagsins á þessum tíma börðust af festu og einurð gegn frumvarpinu, eins og það var fyrst kynnt á Alþingi, meðal annars með því að láta semja drög að frumvarpi til laga um lögmenn og láta gera skoðanakönnun meðal lögmanna um afstöðu þeirra til ýmissa atriða frumvarpsins. Úr könnuninni kom fram mjög skýr afstaða til atriða eins og skylduáðildar, hvar meðferð kær- og ágreiningsmála ætti að vera o.s.frv. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar þingmönnum og ráðherra og höfðu vafalítið mikil áhrif.

### Áberslubreytingar

Snemma á starfsferli mínum hjá félaginu fékk ég mikinn áhuga að auka fræðslu- og útgáfustarf þess. Hugmyndir um stofnun sérstakrar fræðslunefndar voru kynntar á árunum 1991 og 1992 en nefndin var fyrst skipuð þá um vorið. Óhætt er að segja að bylting hafi orðið í endurmenntunarmálum lögmanna með tilkomu fræðslunefndarinnar, en nefndina hafa ætíð skipað mjög áhugasamir, hugmyndaþirkir og drifandi félagsmenn. Þá hafði ég mjög mikla ánægju af því að fylgja úr hlaði hugmynd til margra ára um útgáfu Lögmannablaðsins og starfa sem ritstjóri þess fyrstu árin. Ég tel félaginu nauðsyn að hafa slíkan vettvang sem Lögmannablaðið er til upplýsingamiðlunar til félagsmanna og skoðanaskipta meðal þeirra. Þá er blaðið mikilvægur upplýsingamiðill fyrir félagið og stéttina til einstaklinga, fyrir tækja og stofnana í þjóðfélaginu.

Hugmyndir og tillögur um stofnun sérstakrar þjónustudeildar og ráðningu viðbótarstarfsmanns, sérstaks þjónustufulltrúa, hafa verið í gangi hjá stjórninni og í félaginu svo að segja allan þennan áratug, sérstaklega síðustu 5-6 árin. Þó ekki hafi komið til stofnunar þjónustudeildar fyrr má engu síður



*Marteinn Mátsson, bdl., á lögmennsstofu sinni.*

segja að töluverð áherslubreyting hafi orðið í félaginu og þjónustuþættinum meiri gaumur gefinn í starfsemi, eins og raunar breytingar í fræðslumálum og útgáfumálum bera með sér. Var með því móti reynt að koma til móts við gagnrýnisráddi úr hópi félagsmanna, sem töldu lögbundið hlutverk félagsins of fyrirferðarmikið í starfsemi. Nýju lögmannaögin breyta síðan algjörlega möguleikum félagsins til athafna að þessu leyti.

### Húsnæði

Á árunum 1994 og 1995 voru gerðar umfangsmiklar endurbætur á skrifstofuhúsnæði félagsins í Álftamýrinni. Skrifstofan var flutt á efri hæðina og sérstakur kennslusalur innréttaður á neðri hæðinni. Með breytingunum var meðal annars höfð í huga aukin þjónustustarfsemi félagsins og hugsanleg ráðning viðbótarstarfsmanns, starfsemi Lögmannaavaktarinnar o.fl. Félagið býr nú allvel að húsakosti og aðstöðu.

### Erlent samstarf

Lögmannafélagið hefur átt mjög náið og gott samstarf með norrænum lögmannafélögum um margra áratuga skeið. Í mínum huga er þetta samstarf lífsnauðsynlegt fyrir LMFÍ vegna þess upplýsingaflæðis og skoðanaskipta sem fram fara á þessum vettvangi. Aðild félagsins

að CCBE, samtökum evrópskra lögmannafélaga, var umdeild á sínum tíma en ég hygg að samstarf á þeim vettvangi eigi eftir að skipta LMFÍ og lögmanna stéttina hér á landi æ meira máli í framtíðinni, með þróun Evrópusamstarfsins alls í huga.

### Bókasafn

Snemma á þessum áratug var hrint í framkvæmd gamalli hugmynd um stofnun sérstaks bókasafns fyrir lögmenn. Hefur safnið verið mikið notað af lögmönnum, til heimildarleitar en ekki síður vegna vinnuáðstöðunnar sem þar er. Ég tel bókasafnið vera eitt mesta framfaraspor í sögu félagsins á síðustu áratugum.

### Lögmannaavakt

Á árinu 1994 hófst starfsemi Lögmannaavaktarinnar, endurgjaldslausrar lögfræðiráðgjafar fyrir almenning. Ég tel þessa starfsemi hafa sannað ótvírætt gildi sitt og vera til þess fallið að skapa aukið traust á lögmanna stéttinni.

### Átök í félaginu

Á árunum 1994 og 1995 urðu, eins og menn muna, töluverð átök í félaginu, fyrst í kringum formannskosningu á aðalfundi 1994 og síðar vegna umsagnar félagsins um drög að endurskoðuðum mannréttindakafla stjórnarskrár lýðveldisins. Þessi átök settu óneit-

anlega svip á félagsstarfið á tímabili og einmi af þeim í all nokkurn tíma.

### **Laganefnd**

Af þeim nefndum, sem starfa innan vébanda félagsins, hefur mest vinnuálag hvílt á laganefndinni. Fjöldi umsagnarbeiðna frá Alþingi og ráðuneytum hefur á undanföllum árum meira en tvöfaldast. Eðli málsins samkvæmt hef ég unnið náið með nefndinni og tel þennan þátt í starfinu sérlega fróðlegan og ánægjulegan.

### **Samskipti við stjórnvöld o.fl.**

Að frumkvæði félagsins hefur verið tekið upp meira og reglubundnara samstarf við dómsmálaráðuneytið og Dómarafélag Íslands og nú síðast við dómstólaráð, með svonefndum samráðsfundum, þar sem fjallað er um ýmis málefni lögmannastéttarinnar, að því er varðar samskipti hennar við dómstóla og önnur embætti landsins. Gagnsemi þessa samstarfs er ótvíræð að mínu mati og nauðsynlegt að halda því áfram.

### **Breytingar á störfum stjórnar LMFÍ**

Á undanföllum árum hafa störf stjórnarinnar breyst töluvert. Með breytingum á málflytjendalögum, árið 1995, lauk meira en hálfri aldar gömlu fyrirkomulagi um stöðu stjórnar LMFÍ sem sérdómstóls í kær- og ágreiningsmálum. Stjórnin fékk þá hins vegar það nýja hlutverk að framfylgja reglum um starfsábyrgðartryggingar og fjárvörslureikninga. Eins og kunnugt er hefur úrskurðarnefnd lögmanna tekið við meðferð kær- og ágreiningsmála og hefur vinnuálag á stjórninni þar með minnkað verulega. Rétt er þó að taka fram að í eftirliti með fjárvörslureikningum og meðferð undanþágubeiðna skv. 12. gr. lögmanna laga felst töluvert vinna.

### **Lokaorð**

Ég hef hér stiklað á stóru í starf-

semi félagsins á áratugnum sem senn er á enda (væntanlega í lok næsta árs!), en það er jafnframt í stórum dráttum lýsing á því sem ég hef gengist við á þessum tíma. Störfin í þágu félagsins hafa verið fjölbreytileg, skemmtileg og krefjandi og það hafa verið mér forréttindi að fá tækifæri til að starfa á þessum vettvangi.

Ég hef notið þess að hafa átt mjög góð samskipti við lögmenn almennt, bæði sem fulltrúi félagsins við rækslu lögbundins hlutverks þess sem og í öðrum störfum. Lögmenn hafa sýnt félaginu mikla ræktarsemi og eru nánast undantekningarlaust reiðubúnir að taka að sér trúnaðarstörf í þágu þess. Margir þeirra hafa mjög ákveðnar skoðanir um hlutverk og starfsemi LMFÍ en vilja umfram allt veg félagsins sem mestan.

Ég hef starfað náið með 5 formönnum félagsins, þeim Gestí Jónssyni, Ragnari Aðalsteinsyni, Þórunni Guðmundsdóttur, Sigmari K. Albertssyni og Jakobi R. Möller, auk þeirra sem skipað hafa stjórn félagsins hverju sinni og þeim sem valist hafa til annarra trúnaðarstarfa á vegum félagsins í ýmsum nefndum þess. Þetta samstarf og þau góðu kynni sem ég hef haft af trúnaðarmönnum félagsins hafa reynst mér einstaklega ánægjuleg, fróðleg og þroskandi.

Nú, þegar ég læt af störfum og hef rekstur eigin lögmennsstofu, er mér efst í huga þakklæti fyrir að hafa fengið tækifæri til að starfa fyrir LMFÍ og lögmennastéttina í þessi tæplega 10 ár, en ég hlakka jafnframt til að eiga samskipti við félagsmenn í framtíðinni þótt með öðru móti verður en hingað til.

Ég þakka jafnframt Hildi Pálmadóttur mjög gott og ánægjulegt samstarf í 8 ár á skrifstofu félagsins og óska eftirmanni mínum, Ingimari Ingasyni, allra heilla í nýju starfi.

*Marteinn Músson, fyrrverandi framkvæmdastjóri LMFÍ.*

**H**inn 8. október síðastliðinn var haldið, á hinum endurbætta gervigrasvelli í Laugar dal, knattspyrnumót Lögmannafélags Íslands utanhúss. Hafði verið boðað til keppni með góðum fyrirvara hvoru tveggja með tölvupósti og með auglýsingu í hinu víðlesna fréttabréfi LMFÍ. Skal það tekið fram að mótið var haldið af Félagsdeild Lögmannafélagsins, enda mun knattspyrnuíðkun lögmanna teljast til félagslegra athafna og hjá sumum til félagslegra vandamála.

Félagsleg vandamál voru því miður áberandi í nefndu knattspyrnumóti, en þau lýstu sér í því að aðeins þrjú lið skráðu sig til keppni, en það voru Grínarafélagið Mörkin, Reynsla & Léttleiki og SSMS.

Fjarvera annarra liða verður ekki skýrð með öðrum hætti en þeim að félagsleg vandamál þessara liða og/eða einstaka liðsmanna hafi staðið í vegi fyrir þátttöku þeirra. Er þá sérstaklega vísað til þess að fréttaritari heyrði því fleygt að einhver lið hafi ekki mætt til keppni vegna þess að þau hræddust svo að verða fyrir háðuglegri útreið af hálfu þeirra liða sem harðast hafa keppt um bikarinn eftirsótt. Tekið skal fram að fréttaritari leggur engan trúnað í slíkar gróusögur um hugleysi stéttarbræðra sinna, enda hafa þeir fram að þessu ekki verið þekktir fyrir skort á sjálfstrausti.

Mótið sjálf fór vel fram. Vegna þess hve fá lið treystu sér til þess að mæta var leikin tvöföld umferð. Skemmst er frá því að segja að Reynsla & Léttleiki hafði sigur þetta árið eftir tvísýna keppni við lið Grínarafélagsins Markarinnar.

Sérstaka athygli vakti framgangna hins nýgranna framherja R&L, Jóns Steinars. Raðaði hann inn mörkum af meiri móð en aðrir og það þrátt fyrir að vera nær tvöfalt eldri en yngsti þátttakandinn í mótinu. Annar leikmaður vakti einnig eftirtekt fyrir vasklega framgöngu. Var það Gunnar nokkur Jónsson markvörður Grínarafélagsins Markarinnar sem var eins og köttur á marklínunni, eða eins og froskur að mati sumra, með vísan til hinnar fagurgrænu treyju sem hann klæddist.





*Reynsla og Léttleiki.*



*SSMS.*



*Grínarafélagið Mörkin.*



*Ekki gengu menn ætíð upplítsdjarfir af velli.*

# Fótbolti utanhúss

Fyrirnefndir heiðurspiltar léku einnig aðalhlutverkin í umtalaðasta atviki mótsins. Aðdragandi þess var sá að Gunnar ætlaði sem oft að handsama knöttinn með tilheyrandi búkkasti. Er það ekki í frásögu færandi nema í þetta skipti reyndist Jón Steinar vera milli Gunnars og boltans. Lét Gunnar nærveru Jóns Steinars sig litlu skipa og kastaði sér á boltann og virtist helst sem hann ætlaði sér í gegnum Jón Steinar. En auðvitað fór Gunnar ekki í gegnum Jón Steinar, enda enn þykkt í Jóni Steinari þó þynnst hafi. Varð við þetta nokkur árekstur þar sem lögmál eðlisfræðinnar réðu því að Jón Steinar endasentist eftir vellinu, en Gunnar náði boltanum. Skarst þá dómariinn í leikinn og stöðvaði, á meðan hann mat aðstæður á vettvangi, m.a. „bremsufar“ á vellinum eftir búk Jóns Steinars, en af því mátti lesa árekstrarhorn og hraða. Eftir að hafa metið aðstæður á leifturhraða, dæmdi dómariinn vítaspyrnu. Brást Gunnar illa við þeim dómi, lýsti umsvifalaust yfir sakleysi sínu og hélt uppi vörnum án afláts. Krafðist hann endurskoðunar dómsins, enda taldi hann sig ekki geta borið ábyrgð á lögmálum eðlisfræðinnar auk þess sem um hafi verið að ræða eigin sök Jóns Steinars, enda hefði hann ekki flogið sem fis nema að því að hann var orðinn svo djöf... léttur. Stoðaði Gunn-

ari lítt að hafa frammi svo flókna varnarræðu yfir dómara leiksins, enda viðkomandi ólöglærður og hafði ekki áður heyrt dómum í knattspyrnuleik mótmælt með vísan til laga um meðferð opinberra mála og mannréttindaþálks stjórnarskrárinna. Svo sem oft áður átti Jón Steinar síðasta orðið í þessari rímmu, en hann svaraði fyrir sig með því að skora úr vítinu. Var það mál manna að atvik þetta hafi verið vendipunktur í mótinu. Eftir þetta atvik hafi leið liðs Jón Steinars legið upp, en leið Gunnars og grínaranna niður.

Lið SSMS barðist hetjulegri baráttu án þess að uppskera mörg stig. Liðið getur þó státað af tvennu, annars vegar af flottasta búningnum og hins vegar að hafa skorast fallegast mark mótsins, en það gerði Einar Baldvin Axelsson er hann rak höfuðið í boltann af slíkum krafti og færni að fáséð er. Með kollspyrnu þessari sendi hann boltann efst í markhorn andstæðinganna af nokkru færi en þó þannig að engum vörnum varð við komið. Slæmt gengi liðsins verður helst skýrt með því að hinn léttfætti framherji liðsins, Ólafur Börkur, hafi verið hvíldur um of.

*Íþróttafréttaritari  
Lögmannafélagsins*

Sérhæfð þjónusta fyrir fyrirtæki og sjóði

# Ert þú að missa af hárrí ávöxtun vegna tímaskorts?



## Þetta felst í Fjárvörslu hjá VÍB:

- Hárrí ávöxtun með eignastýringu og rétttri eignasamsetningu.
- Tímasparnaður hjá þeim sem bera ábyrgð á fjármunum.
- Sérniðin persónuleg fjárvörsluþjónusta – ákveðinn tengiliður, ákveðinn sjóðsstjóri.
- Greinargóðar upplýsingar og reglulegir samstarfsfundir.
- Eignayfirlit og ítarlegar upplýsingar á internetinu.
- Lágur kostnaður sem skilar sér í hárrí ávöxtun til viðskiptavina.
- Virtir erlendir samstarfsaðilar, Vanguard, Scudder og CICM.
- Val um 38 erlenda sjóði.

Leitaðu aðstoðar hjá sérfræðingum

# VÍB

VERÐBRÉFAMARKAÐUR ÍSLANDBANKA  
Kirkjusandi, 155 Reykjavík. Sími 560 8900.  
Myndsendir: 560 8910. Veffang: [www.vib.is](http://www.vib.is)

Daníel Arason  
viðskiptastjóri á þjónustusviði.